

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjuförð (Reykjavíkur dómkirkju). — Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 16. f. m., hefir hans hátign konunginum samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum mínum 10 þ. m. allramildilegast þóknast að veita allrahest samþykki til þess að selja megí fyrir 10500 krónur kirkjuförð Reykjavíkur dómkirkjuprestakalls, Breiðholt í Seltjarnarneshreppi í Gullbringu og Kjósarsýslu, með því skilyrði, að andvirði jarðarinnar sje sett á vöxtu í söfnunarsjóði Íslands sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign Reykjavíkur dómkirkjuprestakalls og beneficiarius aðeins njóti vaxtanna af, en að jörðin verði framvegis skoðuð sem bændaeign að því er alla skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar fyrir hlutaðeigendum og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu um lög nr 9 frá 6. apríl 1898. — Þjer hafid, herra amtmáður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 25. f. m., skotið til mín þeirri fyrirspurn sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, hvort fara eigi eptir lögum nr. 9, frá 6. apríl 1898, um breyting á lögum um lausafjártiund, 12. júlí 1878, á næstu hausthreppaskilum, og að hverju leyti; og hafid þjer í samræmi við álit nefnds sýslumanns um þetta efni tekið það fram, að jafnvel þótt nokkur atriði sjeu, sem öðruvísi verði að taka skýrslurnar um eptir hinum nýju lögum heldur en eptir hinum eldri, þá virðist efalaust, að fara beri eptir nefndum lögum frá 6. apríl þ. á. við tiundarilagning í haust, með þeirri einni undantekning, að hrútar verði ekki lagðir í tiund í þetta skipti, þar sem þjer eigi eru nefndir í lögum 12. júlí 1878, um lausafjártiund, sem voru í gildi, þá er vorframtalið átti sjer stað.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er yður með öllu samdóma um það, hvornig svara beri framangreindri fyrirspurn.

Reglugjörð

um opinberar bólusetningar og skoðanir eptirá.

Samkvæmt fyrirmælum 7. greinar í lögum 26. febr. þ. á. um bólusetningar skal farið eptir reglum þeim, sem hjer á eptir segir, að því er snertir bólusetningar og skoðanir á bólusettum eptirá.

1. gr.

Í kaupstöðum skal opinber bólusetning samkvæmt lögum 26. febr. 1898, 1. gr., fara fram tvisvar á ári, haust og vor, í þeim húsakynnum, sem bæjarstjórnin lætur í tje til þess. Lækninum ber að tilkynna lögreglustjóra, hvaða dag bólusett verði, en lögreglustjóri auglýsir stað og stund og annað, sem með þarf í því efni á þann hátt, sem tíðkast í kaupstaðnum.

20. septbr. 1898.

2. gr.

Til sveita skal opinber bólusetning samkvæmt lögum 26. febr. 1898, 1. gr., fara fram einu sinni á ári á tímabilinu frá sumarmálum til veturnóttu, að minnsta kosti á einum stað í hverri kirkjusókn. Þar sem því verður við komið, ber að haga bólusetningunni þannig, að hún fari fram á svo mörgum stöðum í læknishjéraðinu, að þeir, sem hafa verið bólusettir á einum stað, geti orðið boðadír til að mæta á næsta stað til skoðunar eptirá, án þess þeim sje gjört mjög erfitt fyrir vegalengdarinnar vegna.

Þegar læknirinn hefir ákveðið, á hve mörgum stöðum hin opinbera bólusetning eigi fram að fara í hjéraðinu, ber hlutadeigandi hreppsnefndum að láta í tje húsakynni til bólusetningarinnar.

Lækninum ber að tilkynna hreppstjóra stað og stund, er bólusetning á fram að fara, svo tímanlega, að hreppstjóri geti auglýst það við kirkju á undan bólusetningunni.

3. gr.

Að bólusetningunni aflokinni, tilkynnir bólusetjarinn hlutadeigendum, hvar og hvenær skoðunin eptirá á hinum bólusettu eigi fram að fara, og að sektir liggi við, ef þeir komi eigi til skoðunar; þó má bólusetjari veita undanþágu frá því að koma til skoðunar eptirá, þegar sjerstakleg atvik mæla með því, en bólusetningarvottorð verður hlutadeigandi þá sjálfur að vera sjer úti um.

Þegar bólusetjari hefir skoðað bóluna og hún hefir komið vel út, gefur hann út bólusetningarvottorð samkvæmt neðanritaðri fyrirmynd A. Hafi bólan ekki komið vel út, skal hún sett aptur, ef hlutadeigandi vill mæta þegar bólusetning eða skoðun eptirá fer fram næst; að öðrum kosti gefur bólusetjari honum vottorð um, að honum hafi verið sett bóla, en bólan ekki komið út; getur slíkt vottorð losað hann við sekt fyrir að hafa ekki látið bólusetja sig, þangað til opinber bólusetning fer fram í næsta skipti.

Bólusetjara ber að tilkynna hlutadeigandi lögreglustjóra, hverjir ekki hafi komið til skoðunar eptirá.

4. gr.

Þá er opinber bólusetning eða skoðun á bólusettum hefir verið ákveðin, ber lækninum og koma til hennar á tilteknum tíma. Sje hann forfallaður, ber honum að annast um, að aðstodarbólusetjari, skipaður af amtmanni, komi í hans stað, nema hann geti afboðað bólusetninguna eða skoðunina í tæka tíð og á tryggilegan hátt, sbr. 2. og 3. gr.

5. gr.

Þegar endurbólusetning samkvæmt lögum 26. febr. 1898, 10. gr., fer fram eptir fyrirskipun landshöfðingja, ber lækninum að annast um eptir sömu reglum, sem settar eru hjer að framan í 1. og 2. gr., að auglýst verði, hvar og hvenær endurbólusetningin fari fram. Þegar búið er að endurbólusetja, skal gefa vottorð um það eptir neðanritaðri fyrirmynd B, en skoðun eptirá þarf ekki að fara fram.

6. gr.

Hjæraðslæknar og aukalæknar eiga að hafa bók, sem þeir rita í nöfn og aldur allra þeirra, sem bólusettir eru eða endurbólusettir af þeim eða aðstoðar-bólusetjurum þeirra, sem og hvort bólan hafi komið út eða ekki.

80

7. gr.

Hjæraðslæknar og aukalæknar eru skyldir til að tilgreina í skýrslum sínum til landlæknis um heilbrigðisástandið í hjerudum þeirra, hve marga þeir eða aðstoðarbólusetjarar þeirra hafi bólusett eða endurbólusett það ár, og hve margir af þeim hafi verið karlar og hve margar konur.

Landlæknir lætur læknunum í tje eyðublöð undir bólusetningarvottorð, þegar þeir fara þess á leit.

8. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi sama dag sem lög um bólusetningar 26. febrúar 1898.

Reykjavík 5. september 1898.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

A

Kúabólusetningarvottorð.

N. N.

fæddur (fædd) á (i) . . . og til heimilis á (i) ára gamall (gömul) er bólusettur (bólusett) af mjer undirrituðum árið . . . hinn . . .

Við nákvæma skoðun eptirá milli 7. og 9. dags hef jeg fundið öll einkenni hinnar rjettu kúabólu, þar sem bólurnar voru fylltar tærum vessa, höfðu laut í miðju og rauður hringur í kring.

B

Endurkúabólusetningarvottorð.

N. N.

. ára gamall (gömul) er endurkúabólusettur af undirskrifuðum árið . . hinn . .

Reglugjörð

handa holdsveikraspítalanum í Laugarnesi.

1. gr.

Í lögum 4. febr. 1898, um útbúnað og ársútgjöld spítala handa holdsveikum mönnum, 4. grein, og lögum 4. febr. 1898, um aðgreining holdsveikra frá öðrum mönnum, og flutning þeirra á opinberan kostnað, 7. og 8. gr., er gjörð grein fyrir því, hverjir holdsveikra manna skuli njóta vistar á þessum spítala.

81